

KIRKJUGARÐARÁÐ

79. fundur haldinn 12. apríl 2010 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Sigurgeir Skúlason, Þórsteinn Ragnarsson, Smári Sigurðsson og Gunnar Bollason sem ritaði fundargerð. Sat hann fyrir Kristínu Huld Sigurðardóttur sem hafði boðað forföll. Valtýr Valtýsson hafði einnig boðað forföll.

Gestur fundarins var Þorkell Gunnarsson.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:00. Ákveðið var að fresta samþykkt fundargerðar til næsta fundar þar sem Kristín Huld Sigurðardóttir hafði boðað forföll.

2. Kynning á skýrslu um úttekt á umhirðu kirkjugarða í Húnavatnsprófastsdæmi haustið 2009

Þorkell Gunnarsson og Guðmundur Rafn gerðu grein fyrir skýrslu um umhirðu kirkjugarða í Húnavatnsprófastsdæmi. Úttektin var gerð að beiðni síra Guðna Þórs Ólafssonar frv. prófasts í Húnavatnsprófastsdæmi. Skoðaðir voru 30 kirkjugarðar sem fá greitt umhirðugjald.

Mat var lagt á eftirfarandi þætti: Gróðurþekju, minnismarki, umgjörð, sáluhlið, tillögur til úrbóta og heildarmat umhirðu. Görðunum var gefinn eftirtalinn vitnisburður: Umhirða til fyrirmyndar, umhirða í lagi og umhirðu ábótavant. Átta garðar fengu einkunnina umhirða til fyrirmyndar, tuttugu einkunnina umhirða í lagi og tveir garðar umhirðu ábótavant.

Þorkell og Guðmundur sögðu að komið hefði á óvart hve fáir garðar fengu neðstu einkunn og tóku fundarmenn undir það. Verður greinargerðin send prófasti. Þorkell fór af fundinum kl. 13:50.

3. Tillaga að viðmiðunarreglum vegna sérfræðivinnu starfsmanna Kirkjugarðaráðs

Lögð voru fram drög að viðmiðunarreglum vegna sérfræðivinnu starfsmanna Kirkjugarðaráðs. Fundarmenn voru sammála um að nauðsyn væri á slíkum reglum. Rifjað var upp hlutverk Kirkjugarðaráðs í lögum nr. 36 frá 1993.

4. Aðalfundur KGSÍ 2010

Fram kom í máli Þórsteins að aðalfundur KGSÍ 2010 verður haldinn í Hafnarfirði laugardaginn 12. júní. Gist verður á Hótel Hafnarfirði. Á fundinum verður sérstaklega fjallað um dagleg störf við kirkjugarðana og hver helstu verkefni séu frá degi til dags.

5. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur Kirkjugarðaráðs yrði haldinn mánudaginn 10. maí kl. 13:00. Þórsteynn benti á að hann hefði farið þess á leit að krækja yrði sett á heimasíðu kirkjunnar kirkjan.is sem vísaði á gardur.is. Krækjan er djúpt inni í síðunni og bað hann um að sett yrði lógó og borði á forsíðu kirkjan.is. Ragnhildur mun tala við Árna Svan og Örvar sem sjá um vefinn kirkjan.is.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Gunnar Bollason,
ritari